



**1. fundur  
bæjarstjórnar Norðurþings  
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings,  
þriðjudaginn 25. janúar 2011 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Gunnlaugur Stefánsson, Jón Grímsson, Hólmfríður Soffía Helgadóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Jón Helgi Björnsson, Olga Gísladóttir, Trausti Aðalsteinsson, Friðrik Sigurðsson, Þráinn Guðni Gunnarsson, Bergur Elías Ágústsson, Guðbjartur Ellert Jónsson,

**Fundargerð ritaði:** Guðbjartur Ellert Jónsson, Fjármálastjóri - staðgengill bæjarstjóra

**Dagskrá:**

**1. 201012086 - Samningur sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu um málefni fatlaðra**

3. liður í fundargerð 139. fundar byggðarráðs frá 29. desember 2010.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi samningur, milli sveitarfélaganna í Þingeyjarsýslum, um málefni fatlaðra verði samþykktur.

Til máls tók: Bergur

Tillagan samþykkt samhljóða.

**2. 201010041 - Félags- og tryggingamálaráðuneyti, samkomulag um fjármögnun og byggingu íbúða fyrir geðfatlaða**

6. liður í fundargerð 139. fundar byggðarráðs frá 29. desember 2010.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi samningur um fjármögnun íbúða fyrir geðfatlaða verði samþykktur.

Til máls tók: Bergur

Tillagan samþykkt samhljóða.

**3. 201012069 - Hluthafafundur Sorpsamlags Þingeyinga**

8. liður í fundargerð 139. fundar byggðarráðs frá 29. desember 2010.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að hlutafjárúkning í Sorpsamlagi Þingeyinga að upphæð 57 m.kr. verði samþykkt í samræmi við eignarhlut Norðurþings í félaginu eða um allt að 37 m.kr.



Til máls tók: Jón Helgi.

Tillagan samþykkt samhljóða.

**4. 201101011 - Fiskeldið Haukamýri ehf. óska eftir stækkun lóðarinnar, Haukamýri 150816.**

3. liður í fundargerð 72. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 12. janúar 2011.

Erindinu fylgir tillaga að hnitsettum lóðaruppdrætti.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að lóðabreytingin verði samþykkt eins og hún er lögð fram enda afmörkun lóðar í samræmi við aðalskipulag.

Tillagan samþykkt samhljóða án umræðu.

**5. 201101016 - Stefán Óskarsson óskar eftir samþykki fyrir stofnun og útskiptingu lóða úr Rein, Reykjarhóli og Stóru-Reykjum**

4. liður í fundargerð 72. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 12. janúar 2011.

Óskað er eftir samþykki Norðurbings fyrir stofnun eftirfarandi fjögurra lóða:

- A. 8.269 fm lóðar undir trésmiðaverkstæði Sagarinnar (fnr. 221-7408 ) út úr jörðinni Stóru Reykjum (Inr. 154.026)
- B. 3.636 fm lóðar undir trésmiðaverkstæði Trésmiðjunnar Reinar (fnr. 221-4468 ) út úr Rein (Inr. 154.010)
- C. 1.344 fm lóðar undir útihúsum (fnr. 216-5149) að Reykjarhóli (Inr. 154.008)
- D. 1.286 fm lóðar undir íbúðarhúsi og bílskúr (fnr. 230-0803) að Reykjarhóli ( Inr. 154.008)

Meðfylgjandi erindinu eru hnitsettir uppdrættir allra lóðanna. Skiðulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðanna fjögurra verði samþykkt.

Tillagan samþykkt samhljóða án umræðu.

Gunnlaugur Stefánsson vék af fundi undir þessum lið.

**6. 201101017 - Trésmiðjan Rein ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir gistieiningar í suðurfjöru á Húsavík**

5. liður í fundargerð 72. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 12. janúar 2011.



Óskað er eftir stöðuleyfi til allt að 15 ára fyrir allt að 10 smáhýsum í Stangarbakkafjöru á Húsavík. Meðfylgjandi erindi er afstöðumynd og rissmynd/hugmynd af fyrirhuguðum húsum.

Meirihluti skipulags- og byggingarnefndar leggur til við sveitarstjórn að erindinu verði hafnað enda er það ekki í samræmi við aðalskipulag og deiliskipulag svæðisins.

Til máls tóku: Hjálmar Bogi, Jón Grímsson og Friðrik.

Tillaga meirihluta skipulags- og byggingarnefndar samþykkt með atkvæðum Jóns Helga, Olgu, Jóns Grímssonar, Hjálmars Boga, Soffíu og Þráins.

Friðrik og Trausti sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Gunnlaugur Stefánsson vék af fundi undir þessum lið.

## 7. 201009023 - Fjárhagsáætlun Norðurbings - 2011

2. liður í fundargerð 3ja fundar bæjarráðs frá 20. janúar 2011.

Bæjarráð vísar fjárhagsáætlun samstæðu Norðurbings fyrir árið 2011 til seinni umræðu í bæjarstjórn.

Til máls tóku: Bergur, Jón Helgi, Friðrik, Hjálmar Bogi, Soffía, Gunnlaugur og Þráinn.

Eftirfarandi er bókun meirihluta bæjarstjórnar:

"Fyrir liggur, til seinni umræðu, fjárhagsáætlun Norðurbings fyrir rekstrarárið 2011. Þetta er þriðja árið í röð sem umtalsverð óvissa er um þróun tekna sveitarfélagsins. Nú sem áður hefur bæjarstjórn Norðurbings, við gerð áætlunarinnar reynt að verja grunnþjónustu við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Fyrir tæpum þremur árum, nánar tiltekið við hrun íslenska bankakerfisins var farið í umfangsmiklar aðhaldsaðgerðir í rekstri. Þær aðgerðir hafa skilað góðum árangri og ber sérstaklega að þakka starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir góð störf á erfiðum tímum.

Lægri tekjur og óvissa um þróun tekna gerir það að verkum að nauðsynlegt er að gæta áfram aðhalds. Breytingar hafa m.a. verið gerðar á samþykktum sveitarfélagsins með þeim hætti að starfsemi hafna og framkvæmda- og þjónustusvið Norðurbings verður sameinað undir eina yfirstjórn.

Lausafjárstaða sveitarfélagsins er góð og svigrúm til fjárfestinga og viðhalds eigna. Forgangsröðun verkefna mun líta dagsins ljós á næstu vikum.

Það sem skiptir öllu máli varðandi rekstur sveitarfélagsins til framtíðar er kröftugt atvinnulíf, góð aðstaða til menntunnar, öflug heilbrigðisþjónusta og ríkt menningarlíf. Orkufrekur iðnaður með 700 til 800 störfum mun



stuðla að slíkri þróun í Þingeyjarsýslum. Af þessu verður aðeins með stuðningi ríkisvaldsins, sem að mati meirihluta bæjarstjórnar hefði mátt vera meiri og markvissari.

Þrátt fyrir mótbyr er það trú meirihluta bæjarstjórnar að með hugrekki, samstöðu og vönduðum vinnubrögðum munum við ná að lenda farsællega því mikla verkefni sem við stöndum frammi fyrir, þ.e. skapa atvinnu og hagvöxt, Þingeyingum til hagsbóta".

Gunnlaugur Stefánsson - sign

Jón Helgi Björnsson - sign

Olga Gísladóttir - sign

Jón Grímsson - sign

Hjálmar Bogi Hafliðason - sign

Soffía Helgadóttir - sign

Þráinn Gunnarsson - sign

Fyrirliggjandi fjárhagsáætlun Norðurbings fyrir árið 2011 samþykkt með atkvæðum Gunnlaugs, Jóns Helga, Olgu, Jóns Grímssonar, Hjálmars Boga, Soffíu og Þráins.

Friðrik og Trausti sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

## 8. 201101040 - Skúlagarður

3. liður í fundargerð 3ja fundar bæjarráðs frá 20. janúar 2011.

Bæjarráð leggur til við sveitarstjórn að eignarhlutur sveitarfélagsins í félagsheimilinu Skúlagarði verði lagður inn sem hlutafé í óstofnað hlutafélag sem hefur það að markmiði að endurbyggja Skúlagarð til eflingar ferðaþjónustu í héraði.

Til máls tóku: Bergur, Gunnlaugur, Friðrik, Soffía, Jón Helgi, Olga og Jón Grímsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 9. 201101063 - Atvinnuuppbygging í Þingeyjarsýslum

Erindi frá meirihluta bæjarstjórnar Norðurbings lagt fram fyrir fundinn.

Til máls tóku: Jón Helgi, Hjálmar Bogi, Þráinn, Friðrik, Soffía, Trausti, Jón Grímsson, Gunnlaugur og Bergur.

Bæjarstjórn Norðurbings lagði fram eftirfarandi bókun:

"Í yfir áratug hafa íbúar í Þingeyjarsýslum unnið markvisst að því að efla atvinnustig í héraði. Megin markmið þessarar vinnu hefur verið að snúa við þeirri neikvæðu byggða- og atvinnuþróun sem átt hefur sér stað í Þingeyjarsýslum undanfarna tvo áratugi. Á



Þessari vegferð hafa Þingeyingar, í samstafi við hlutaeigandi aðila, lagt mikið undir í orkurannsóknnum á háhitasvæðum, skipulagi fyrir virkjanir, vegi, línulagnir, hafnaframkvæmdir og iðnaðarlóðir svo eitthvað sem nefnt.

Þessi vinna hefur leitt til þess að 525 MW<sub>e</sub> hafa farið í gegnum skipulags- og umhverfisferli í Þingeyjarsýslum. Mestur hluti þessarar vinnu hefur verið unnin í samvinnu við ríkisfyrirtækið Landsvirkjun með það að markmiði að skapa 700 til 800 störf í Þingeyjarsýslum tengdum uppbyggingu á orkufrekum iðnaði. Markmið sem stendur óhaggað enn þann dag í dag, markmið sem Þingeyingar munu standa vörð um.

Bæjarstjórn Norðurbings lýsir yfir vonbrigðum með að ekki hafi enn verið látið reyna á samninga við þá aðila sem álitlegastir eru samkvæmt niðurstöðu Naustnefndarinnar frá 5. maí 2010. Nefndin var skipuð á grundvelli viljayfirlýsingar milli Iðnaðarráðuneytisins fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurbings.

Það er ófrávikjanleg krafa Þingeyinga að gengið verði til saminga við orkukaupendur sem áhuga hafa á atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum".

#### **10. 201101062 - Hverfafundir í Norðurbingi**

Erindi frá bæjarfulltrúum V og Þ lista lagt fram fyrir fundinn.

Undirritaðir fulltrúar V og Þ lista í "bæjarstjórn" Norðurbings leggja eftirfarandi tillögu fram:

"Bæjarstjórn Norðurbings haldi hverfafundi á komandi mánuðum í Reykjahverfi, á Húsavík, í Skúlagarði, á Kópaskeri og á Raufarhöfn. Nauðsynlegt er fyrir bæjarstjórnarfulltrúa að vera í stöðugu sambandi við íbúa sveitarfélagsins og fyrir íbúana að geta komið fram sínum málefnum á opnum fundum".

Trausti Aðalsteinsson - sign

Friðrik Sigurðsson - sign

Til máls tóku: Trausti, Gunnlaugur, Jón Helgi, Friðrik og Soffía.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi er bókun meirihluta bæjarstjórnar:

"Meirihluti bæjarstjórnar Norðurbings fagnar tillögu minnihluta bæjarstjórnar enda í samræmi við vinnu og stefnu meirihlutans og fulltrúum bæjarráðs þegar kunnug. Stefnt er að halda íbúafundi í sveitarfélaginu á næstu vikum þar sem bæjarstjórn situr fyrir svörum og kynnir stefnu sína".

#### **11. 201012010F - Byggðarráð Norðurbings - 139**

Fundargerð 139. fundar byggðarráðs frá 29. desember 2010 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin staðfest án umræðu.

#### **12. 201101001F - Bæjarráð Norðurbings - 1**



Fundargerð 1. fundar bæjarráðs frá 6. janúar 2011 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin staðfest án umræðu.

**13. 201101002F - Skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings - 72**

Fundargerð 72. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 12. janúar 2011 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin staðfest með umræðu um lið 1  
Til máls tók: Jón Grímsson.

**14. 201101003F - Tómsunda- og æskulýðsnefnd Norðurþings - 1**

Fundargerð 1. fundar tómsunda- og æskulýðsnefndar frá 11. janúar 2011 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin staðfest án umræðu.

**15. 201101004F - Fræðslu- og menningarnefnd Norðurþings - 1**

Fundargerð 1. fundar fræðslu- og menningarnefndar frá 11. janúar 2011 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin staðfest án umræðu.

**16. 201101006F - Félags- og barnaverndarnefnd Norðurþings - 20**

Fundargerð 20. fundar félags- og barnaverndarnefndar frá 17. janúar 2011 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin staðfest án umræðu.

**17. 201101007F - Bæjarráð Norðurþings - 2**

Fundargerð 2. fundar bæjarráðs frá 13. janúar 2011 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin staðfest með umræðu um liði: 5 og 6

Til máls tóku undir lið 5: Hjálmar Bogi, Jón Helgi og Jón Grímsson.  
Til máls tóku undir lið 6: Jón Grímsson

Jón Grímsson leggur til að bæjarstjórn geri bókun bæjarráðs vegna breytinga á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. m.s.br. að sínum.

Bæjarstjórn Norðurþings hefur skoðað frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br. Ráðið telur tillögurnar öfgafullar og óásættanlegar eins og þær eru kynntar og því tilefni til verulegra athugasemda við frumvarpið af hálfu sveitarfélagsins Norðurþings.



1. 2. gr. frumvarpsins um akstur utan vega þyrfti að gjörbreyta til að ná þeim árangri sem til er ætlast. Greinin virðist ganga út frá að banna og gera refsiverðan allan akstur utan þeirra vega sem skilgreindir verða í sérstakri reglugerð umhverfisráðherra. Langstærstur hluti „utanvegaaksturs“ á sér stað á fullkomlega eðlilegum og hagnýtum forsendum og án þess að valda umtalsverðu tjóni á náttúrunni. Slíkur akstur getur t.d. falið í akstri ýmissra landbúnaðarslóða sem seint verða skilgreindir sem vegir í reglugerð ráðherra. Hvorki er ástæða til né vinnandi vegur að eltast við þessháttar vegslóðaakstur. Eðlilegra væri að herða eftirlit og viðurlög vegna landspjalla við utanvegaakstur í stað þess að skilgreina skaðlíttinn vegslóðaakstur sem utanvegaakstur og gera refsiverðan.
2. Í 3. gr. tillögunar er lagt til að votlendi stærri en 1 ha njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Í gildandi lögum er viðmiðið hinsvegar 3 ha sem þótt hefur harla þröng skilgreining. Markmið breytingarinnar virðist helst vera að auka opinber afskipti af breytingum óverulegs votlendis með tilheyrandi skrifræði og tilkostnaði. Eins og ráða má af almennum athugasemdum við lagafrumvarpið er 35% af óröskuðu votlendi hérlendis falið í svæðum sem eru 1-3 ha að flatarmáli. Það þýðir að slík svæði eru ansi mörg og því algengt kjörlendi hérlendis. 37. gr. laga um náttúruvernd er hinsvegar sérstaklega ætlað að vernda það sem er „sérstætt eða fágætt“ eins og segir í 1 mgr. Það verður að telja gerræðislegt að vernda sérstaklega með lögum öll þau fjölmörgu votlendissvæði sem ekki eru stærri en 1-3 ha að flatarmáli sem sérstæð og fágætt náttúruframbærni og því leggur bæjarstjórn Norðurbings til að viðmiðun 37 gr. verði óbreytt frá núverandi lögum, þ.e. 3 ha þó möguleg og etv. ásættanleg málamiðlun fælist í því að miða við 2 ha.
3. Í skógræktarlögum nr. 1/1955 eru nú þegar tiltölulega ítarleg ákvæði til verndar birkiskógum og skógarleifum. Ennfremur segir í 2. viðauka (1.d) laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 að „ruðningur á náttúrulegum skógi“ sé tilkynningarskyldur til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum, og þar með framkvæmdaleyfis skyldur. Því virðist óþarft, og aðeins til þess fallið að auka flækjustig, að bæta verndun birkiskóga inn í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndun birkiskóga og skógarleifa eru nú í höndum Skógræktar ríkisins. Sterk rök þarf fyrir því að færa það hlutverk yfir til Umhverfisstofnunar, ekki síst í því ljósi að Umhverfisstofnun hefur ekki náð fullnægjandi hraða í afgreiðslu þeirra mála sem til hennar hefur verið vísað hingað til.
4. 4. gr. þyrfti að breyta verulega. Greinin virðist hlaðin fordómum gegn öllum aðflutningi nýrra tegunda inn á svæði og skilgreinir óásættanlega þunga skrifræðisferla við leyfisveitingar vegna aðflutnings allra framandi tegunda, ekki aðeins þeirra sem líklegar eru til að verða ágengar. Greininni er líklega ætlað að hindra f.o.f. útbreiðslu ágengra framandi tegunda og ætti því eingöngu að fjalla um tegundir sem líklegar eru til vandræða á einhvern hátt. Greinin virðist hinsvegar snúast um að hindra allar breytingar á núverandi umhverfi til góðs eða ills, hversu bagalega sem það er farið af ániðslu undanfarinna alda allt frá landnámi. Lágmarkið væri að bæta plöntum til trjáræktar í lista 1. mgr. um þær lifandi framandi



lífverur sem ekki kalla á formlegt samþykki umhverfisstofnunar gagnvart dreifingu, enda engin dæmi um að erlendar trjátegundir hafi gerst óhóflega ágengar hérlendis.

5. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð með nánari fyrirmælum um dreifingu lifandi lífvera. Jafnframt kemur fram að ráðherra geti ákveðið að vissum tegundum megi dreifa án leyfis enda sé ekki talin hættu á að þær ógni líffræðilegri fjölbreytni. Skv. þessu hefur ráðherra það vald, í samráði við Náttúrufræðistofnun, að ákveða hvaða tegundunum má dreifa í íslenskri náttúru. Engin ákvæði eru í tillögunni um á hvaða forsendum ráðherra ákveður lista leyfilegra tegunda og hann getur breytt honum án aðkomu Alþingis. Þannig virðist t.d. búið að gera alla landgræðslu og skógrækt hérlendis háða duttlungum umhverfisráðherra. Það virðist gerræðislegt og er ekki ásættanlegt að mati bæjarráðs Norðurbings.
6. Bæjarstjórn Norðurbings leggur sérstaklega til að ekki verði fjallað um flutning á innlendum tegundum lifandi lífvera í lögunum. Erfitt er að sjá tilgang með bönnum þar að lútandi og enn erfiðara að framfylgja þeim.
7. Í umfjöllun 7 gr. Um breytingar á Skipulagslögum nr. 123/2010 er í staflíð a talað um svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd „þar á meðal svæðum á náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun“. Svæði náttúruminjaskrár og náttúruverndaráætlunar njóta ekki verndar skv. lögum um náttúruvernd nema þau séu friðlýst eða njóti verndar skv. 37. gr. og ætti því að fella þennan texta úr staflíðnum.
8. Í staflíð b í 7. gr. er áréttað að sveitarstjórn skuli ganga úr skugga um að gætt hafi verið ákvæða laga um náttúruvernd og annara laga og reglugerða sem við eiga við afgreiðslu skipulags. Eðli máls skv. reyna skipulagsyfirvöld að fylgja öllum settum lögum og reglugerðum við afgreiðslu skipulags og óviðeigandi að tilgreina sérstaklega í skipulagslögum að fylgja skuli lögum um náttúruvernd.
9. Aftur kemur fram í staflíð d að sveitarstjórn skuli sérstaklega gæta að lögum um náttúruvernd á jafnviðeigandi hátt og greint er í t.l. 6 hér að ofan.
10. Aftur er ranglega gefið í skyn í umfjöllun um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum að svæði á náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun njóti sjálfkrafa sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.
11. Bæjarstjórn Norðurbings leggur til að í fyrirhugaðri lagabreytingu verði öfgalaust skilgreind nánar þau nútímahraun sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Borið hefur á þeirri túlkun að verndunin nái til hrauna sem jafnvel eru þakin þykku lagi af jarðvegi og gróðri og telur nefndin þá víðtæku túlkun óásættanlega íþyngjandi.

Það er skoðun bæjarstjórnar Norðurbings að það frumvarp sem hér er kynnt sé öfgafullt og óþarflega íþyngjandi fyrir íbúa landsins. Það á ekki hvað síst við um ákvæði sem virðast íþyngjandi fyrir framgang skógræktar og landgræðslu.

Samþykkt með atkvæðum Gunnlaugs, Jóns Helga, Olgu, Jóns



Grímssonar, Friðriks, Hjálmars Boga, Soffíu og Þráins.

Trausti sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

**18. 201101008F - Framkvæmda- og hafnanefnd Norðurlþings - 1**

Fundargerð 1. fundar framkvæmda- og hafnanefndar frá  
19. janúar 2011 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin staðfest með umræðu um lið 4.

Til máls tóku: Soffía og Bergur.

**19. 201101010F - Bæjarráð Norðurlþings - 3**

Fundargerð 3ja fundar bæjarráðs frá 20. janúar 2011 lögð fram til  
staðfestingar.

Fundargerðin staðfest með umræðu um lið 1.

Til máls tók: Hjálmar Bogi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:25**